

Eyjafjarðarsveit
Skipulags- byggingarfulltrúi
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík 17. ágúst 2018
UST201806-069/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018 - 2030

Við er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018 – 2030.

Samgöngur

Í umhverfisskýrslu kemur fram hvaða áhrifapættir eru metnir í umhverfismati skipulagsins. Varðandi samgöngur eru það tveir þættir þ.e. færsla Eyjafjarðarbrautar vestri, austur fyrir Hrafnagilshverfi og göngu- og hjólastígar meðfram stofnvegum. Í umfjöllun um samgöngur í greinargerð segir um stefnumörkun varðandi Eyjafjarðabraut: Gert er ráð fyrir að Eyjafjarðarbraut vestri færist austur fyrir Hrafnagilshverfi og verði meðfram Eyjafjarðará. Færslan er frá Kroppi í norðri, inn fyrir Miðbraut og á árbakkanum allt suður fyrir Stokkahláðir. Núverandi stofnbraut verður skilgreind sem húsagata í þéttbýli.

Ljóst er að með færslu Eyjafjarðarbrautar mun vegagerð raska bökkum Eyjafjarðará á því svæði sem færslan nær til. Í umhverfisskýrslu koma fram rök fyrir færslu Eyjafjarðarbrautar til vesturs og tekur Umhverfisstofnun undir þau rök en bendir um leið á að ekki er fjallað um áhrif af færslu brautarinnar á bakka Eyjafjarðará. Einnig bendir stofnunin á að núllkostur hefur jákvæð áhrif á ástand, ásýnd og útvist á bökkum Eyjafjarðará.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem stofnbrautinni verður haldið sem húsagötu og íbúðarhús hafa verið reist nokkuð fjarri brautinni, þá mætti skoða þann kost að gera undirgöng undir Eyjafjarðarbrautina og halda henni eins og hún er. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram í gr. 5.3.2.14. í umfjöllun um skipulag við vötn, ár og sjó: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Sama

Ákvæði kemur fram í umfjöllun um vötn, ár og sjó í kafla 9.1 í greinargerð ofangreindrar tillögu. Mikilvægt að almenningur eigi aðgang að útivist við Eyjafjarðará.

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að kalla svæðið frá Miðbraut að Stokkahlöðum þéttbýli og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að þótt Eyjafjarðabraut verði færð á bakka Eyjafjarðarár frá Miðbraut að Kroppi þá sé brautin í dreifbýli sunnan Miðbrautar og lítið um hús nærri brautinni þá megi sá hluti áætlaðrar færslu bíða.

Göngu- og hjólastígar

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um net göngu- og hjólastíga.

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun tekur undir hverfisvernd óshólma Eyjafjarðarár og telur hverfisverndina afar mikilvæga. Í lögum nr. 60/2013 er einmitt kveðið á um sérstaka vernd, en í gr. 61 eru talin upp vistkerfi og jarðminjar sem njóta verndarinnar og þar segir m.a. : *a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, [20.000 m²] » að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur“.*

Umhverfisstofnun bendir þó á að í upphafi umfjöllunar um hið hverfisverndaða svæði kemur fram að gert hafi verið samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um friðland og útivistarsvæði á óshólum Eyjafjarðarár. Umhverfisstofnun bendir á að friðland er friðlýst svæði sem er annars konar vernd en hverfisvernd. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar segir um friðlýst svæði sem m.a. nær til friðlanda að: *„Með friðun tryggjum við rétt okkar og komandi kynslóða til að njóta ósnortinnar náttúru. Ósnortin náttúra er takmörkuð auðlind, auðlind sem á heimsvísu fer þverrandi. Reglur um friðlýst svæði eru mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila.“* Að mati Umhverfisstofnunar er því ekki hægt að fjalla um hverfisverndað svæði sem friðland.


Klasabyggðir


Í umfjöllun um Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 – 2024 í greinargerð (bls. 79), kemur fram að þar er lögð áhersla á hagkvæmt byggðamynstur sem dregur úr þörf fyrir bílaumferð og bætir forsendur fyrir m.a. gangandi og hjólandi vegfarendur. Umhverfisstofnun bendir á að við áætlanir um búgarðabyggðir í Eyjafjarðasveit þarf að hafa ofangreindar áherslur í svæðisskipulaginu, í huga.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Beðist er velvirðingar á að ekki náðist að afgreiða umsögnina innan gefins umsagnafrests.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur